

Stjórnarfundur FEB nr. 449

Stangarhyl 4, þriðjudaginn 1. september 2020 kl. 9:30

Mætt: Ingibjörg H. Sverrisdóttir formaður; Ingibjörg Óskarsdóttir, Kári Jónasson, Ólafur Örn Ingólfsson, Róber P. Bender, Sigurbjörg Gísladóttir, og Viðar Eggertsson aðalmenn; og varamennirnir Finnur Birgisson, Haukur Arnþórsson og Sverrir Örn Kaaber.

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerð fundar nr. 448 lögð fram, samþykkt og undirrituð.

2. Kynning á starfi og verkefnum skrifstofu FEB

Dýrleif framkvæmdastjóri greindi frá því helsta. Starfsmenn á skrifstofu eru enn einungis tveir. Félagið er ekki laust allra mála vegna bygginga Árskóga, fundað verður með stjórn húsfélags 10. sept. n.k. Vegna covidfaraldurs hefur mjög lítið verið um útleigu salarins, sem venjulega hefur verið drjúg tekjulind. Ferðaskrifstofuleyfi er komið í hús. Ekki hafa verið farnar ferðir erlendis í ár og margar áætlaðar ferðir innanlands hafa fallið niður. Ein Njáluferð er eftir og er fullbókað í hana. Reglulegt vetrarprógramm, þ.e. námskeið o.fl., er að fara í gang hægt og bítandi, en ekki þó t.d. kóræfingar og skákmót ennþá. Ný heimasíða er nánast tilbúin, einungis er eftir að prófarkarlesa alla texta á henni.

3. Skipun í kjaranefnd LEB-FEB

Formaður gerði tillögu um Þorbjörn Guðmundsson og Sigurbjörgu Gísladóttur í nefndina. Í umræðum kom fram hugmynd um að framvegis verði nefndin einungis kennd við LEB en ekki líka við FEB, en þó verði jafnframt leitað eftir samkomulagi um að FEB hafi rétt til að tilnefna two fulltrúa í hana. Frekari umfjöllun um þetta var vísað til vinnufundar stjórnar sem verður 8. september. Tilnefningu fulltrúa var frestað.

4. Skipun í öldungaráð Reykjavíkurborgar

Formaður lagði til að aðalmenn yrðu Ingibjörg Sverrisdóttir, Sigurbjörg Gísladóttir og Viðar Eggertsson, en varamenn Ingibjörg Óskarsdóttir, Róbert Bender og Sverrir Örn Kaaber. Samþykkt.

5. Um samstarf í ferðamálum

Formaður greindi frá viðræðum við aðila í ferðageira um einhverskonar samstarf. Ekki liggja þó fyrir formaðar hugmyndir um slíkt.

6. Stjórnarfundur LEB 20. ágúst s.l.

Formaður greindi frá stjórnarfundi LEB. Afgreiðslu erindis félagsins til landsambandsins um 100 kr. afslátt af gjaldi til LEB per félaga var þar frestað.

7. Vinnufundur stjórnar 8. sept. n.k.

Formaður greindi frá væntanlegum vinnufundi og reifaði hugmyndir um viðfangsefni og verkefni. Facebook síða væri alls ekki nógu virk og þyrfti að bæta úr því. Æskilegt væri að efna til kynninga á félaginu t.d. í fjölbýlishúsum eldri borgara. Hún greindi einnig frá þreifingum sem hafnar væru við forsvarsmenn annarra félaga eldri borgara um undirbúning vegna væntanlegra Alþingiskosninga.

8. Launagreiðslur til formanns

Samþykkt var ósk formanns að hún fengi greiddar kr. 80 þúsund á mánuði fyrir vinnuframlag í þágu félagsins, auk greiðslu útlagðs kostnaðar.

9. Önnur mál

Upplýst var að frá og með september væri mögulegt að fara á hálfan lífeyri hjá Tryggingastofnun og lífeyrissjóum og halda áfram að vinna í hálfu starfi. Einnig var upplýst að ákvæði um viðbótarstuðning frá TR til þeirra sem hefðu takmörkuð lífeyrisréttindi kæmu til framkvæmda 1. nóvember n.k., en þau ákvæði eru árangur af nefndarstarfi sem hófst fyrir frumkvæði Ellerts B. Scram fyrrv. formanns FEB.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:45

Ingibjörg Þ. Smárðóttir
Sigurlejorð Guðlaðs Ólafsson
Ólaf Þór Jósefsson
Katrín Þóra Ólafsson
Ólaf Þóra Ólafsson
Ingibjörg Óskarsdóttir
Hildur Ólafsdóttir
Fríður Þóra Ólafsson